

4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 3664/91/EBE frá 16. desember 1991 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum eins og henni var breytt með reglugerð nr. 351/92 frá 13. febrúar 1992, reglugerð nr. 1914/92 frá 10. júlí 1992, reglugerð nr. 3568/92 frá 10. desember 1992 og reglugerð nr. 1791/93 frá 30. júní 1993.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1238/92/EBE frá 8. maí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á bragðlausu alkóhóli í vingeiranum.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/92/EBE frá 20. júlí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á etanóli úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu brenndra drykkja, kryddvína, drykkja sem blandaðir eru með kryddvínnum og hanastéla sem eru blönduð með kryddvínnum.

Gerðirnar eru birtar í sértili, sbr. auglýsingu í C deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Áslaug Guðjónsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda,
með síðari breytingum.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fóðurinnflytjendum er heimilt að fá allt að 60 daga frest á greiðslu þess hluta sérstaks fóðurgjalds sem kemur til endurgreiðslu, gegn skuldaviðurkenningu ásamt bankatryggingu eða annarri fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. október 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.